

Sögulegar áskoranir og fölsk stefnumál – Evrópa á krossgötum

Eftir Mateusz Morawiecki

Stríðið í Úkraínu hefur afhjúpað sannleikann um Rússland. Þeir sem neituðu að taka eftir því að ríki Pútíns hefði tilhneigingu til heimsvaldastefnu verða núorðið að horfast í augu við þá staðreynd að djöflar 19. og 20. aldar hafa nú lifnað við:



Mateusz Morawiecki

þjóðernishyggja, nýlendustefna og æ sýnilegri alræðishyggja. Stríðið í Úkraínu hefur þó einnig flett ofan af sannleikanum um Evrópu. Margir Evrópuleiðtogar hafa látið Vladimir Pútín draga sig á tálur og verða nú fyrir áfalli.

Endurkoma hinnar rússnesku alræðishyggju ætti ekki að koma okkur á óvart. Rússland hefur jafnt og þétt verið að endurbyggja stöðu sína undanfarin tuttugu ár. Á því tímabili kusu Vesturlönd að taka sér landstjórnmalalegan lúr í stað þess að vera árvökul og skynsöm. Þau kusu að líta framhjá sívaxandi vandamáli í stað þess að standa gegn því fyrr.

Evrópa kom sér ekki í þessa stöðu vegna þess að hún var ekki nægilega samþætt heldur vegna þess að hún kaus að hlusta ekki á rödd sannleikans. Sú rödd hefur verið að koma frá Póllandi í mörg ár. Pólland áskilur sér ekki rétt á sannleikanum en af samskiptum við Rússland hefur Pólland þó talsvert meiri reynslu en aðrir. Lech Kaczyński, fyrrverandi forseti Póllands, hafði rétt fyrir sér, líkt og Cassandra sem sá fyrir fall Trójuborgar. Kaczyński sagði fyrir mörgum árum að Rússland myndi ekki láta staðar numið í Georgíu heldur myndi teygja sig áfram til að sölsa meira land undir sig. Ekki var heldur hlustað á hann.

Sú staðreynd að rödd Póllands hafi verið hunsuð er einungis birtingarmynd stærtra vandamáls sem ESB stendur frammi fyrir í dag. Jafnrétti einstakra ríkja í ESB telst vera einungis formlegs eðlis en stjórnmalavenja sýnir fram á að rödd Pýskalands og Frakklands hefur mest áhrif. Þá er um að ræða formlegt lýðræði sem er í raun fámennisstjórn þar sem vald er í höndum þeirra sterkustu. Þeir sterkustu geta gert mistök en geta ekki tekið gagnrýni frá öðrum.

Öryggisventill, sem verndar ríki ESB fyrir ofríki meirihlutans, er meginreglan um einróma samþykki.

Það, að leitast eftir málamiðlun á meðal 27 ríkja sem hafa svo oft andstæða hagsmuni, verður gremjulegt. Jafnvel þótt komist verði að málamiðlunarniðurstöðu geta ekki öll ríkin verið 100% sátt við hana. En það tryggir þó að hlustað sé á alla og niðurstaðan fullnægj lágmarksventingum hvers og eins aðildarríkis.

Ef mælt er með því að aðgerðir ESB verði enn háðari Pýskalandi, en slíku yrði komið á ef meginregla um einróma samþykki yrði afnumin, þá nægir hér að gera stutta greiningu á ákvörðunum Pýskalands aftur í tímann. Ef Evrópa hefði undanfarin ár hegðað sér eftir vilja Pýskalands værum við í dag í betri eða verri stöðu?

Ef öll Evrópulönd hefðu fylgt rödd Pýskalands þá hefði fyrir mörgum mánuðum verið komið af stað ekki einungis Nord Stream 1 heldur einnig Nord Stream 2. Þá hefði Evrópa orðið svo háð rússnesku gasi að nánast vonlaust hefði verið að losa sig undan því fjárhágungartæki Pútíns sem ógnar allri álfunni.

Ef öll Evrópa hefði samþykkt tillögu í júní 2021, um að halda leiðtoga fund ESB og Rússlands, hefði það þá haft í för með sér að Evrópa hefði viðurkennt Pútín sem fullgildan samstarfsaðila og einnig afléttingu refsiaðgerða sem Rússland hefur verið beitt eftir 2014. Hefði sú tillaga verið samþykkt hefði Pútín fengið tryggingu fyrir því að ESB gripi ekki til raunverulegra aðgerða til að verja landhelgi Úkraínu. Þau lönd sem höfnuðu þessari tillögu þá voru Pólland, Litháen, Lettland og Eistland.

Ef Evrópusambandið hefði einnig samþykkt tillögu um reglur um dreifingu innflytjenda árið 2015, í staðinn fyrir að beita harðri pólitík sem fælist í að styrkja eigin landamæri (en það telst vera grunneiginleiki fullvalda ríkis) þá hefðum við orðið að peði í dag frekar en þátttakanda í alþjóðastjórnmalum. Það sem Pútín kom auga á árið 2015 var einmitt möguleikinn á að nýta innflytjendur í blendingstríði gegn ESB. Þá réðst hann ásamt Alexander Lúkasjenkó á Pólland, Litháen og Lettland. Hefðum við hlýtt talsmönnum opinna landamæra væri viðnámsþrek okkar í dag í síðari stórkreppum enn minna.

Að síðustu væri stríðinu löngu lokið

» Rússland vill breyta Evrópu í þá mynd sem það hefur þekkt vel undanfarnar aldir, þ.e.a.s. í samstillt stórveldi með sameiginlega skilgreint áhrifasvið.

ef öll Evrópa hefði sent til Úkraínu vopn í þeim mæli og á þeim hraða sem Pýskaland gerir. Stríðinu myndi ljúka með algjörum sigri Rússlands. Og Evrópa væri á barmi annars stríðs en Rússland héldi áfram vegna hvatningar sem fælist í veikleikum mótherjans.

Í dag telst hver rödd sem kemur frá Vesturlöndum um að takmarka vopnaflutning til Úkraínu, draga úr refsiaðgerðum eða fá „báða aðila“ (s.s. árársaðilann og fórnarlambið) til að ræða saman, merki um veikleika. Þó er Evrópa miklu öflugri en Rússland.

Ef við viljum ræða lýðræðisleg gildi í dag þá er kominn tími á samviskuuppgjör Evrópu. Það sem hefur skipt mörg ríki mestu máli í allt of langan tíma var lágt verð á rússnesku gasi. En verðið gat verið lágt vegna þess að ofan á það hafði ekki verið lagður raunverulegur kostnaður við úthellingu blóðs. Skuld sem Úkraína er nú að greiða.

Sigur yfir heimsvaldastefnu í Evrópu telst einnig vera áskoron fyrir Evrópusambandið sjálft. Alþjóðasamtök geta einvörðungu mótmælt heimsvaldastefnu með áhrifaríkum hætti ef þau standa sjálf fast á grundvallargildum – frelsi og jafnrétti allra sinna aðildarríkja. Þetta á sérstaklega við um Evrópusambandið.

ESB á æ erfiðara með að virða frelsi og jafnrétti allra aðildarríkja. Við heyrum æ oftast að meirihlutinn, fremur en einróma samþykki, eigi að ákvarða framtíð allra ríkja Evrópusambandsins. Að víkja frá meginreglu um einróma samþykki á fleiri sviðum starfsemi ESB færir okkur nær því fyrirkomulagi þar sem þeir sterkari og stærri ráða yfir þeim veikari og minni.

Frelsis- og jafnréttisskortur eru einnig áberandi á evrusvæðinu. Það, að taka upp sameiginlegan gjaldmiðil, tryggir ekki varanlega og samræmda þróun. Evran kemur jafnvel af stað innbyrðis samkeppni sem sést til að mynda í umframútlutningi sumra ríkja. Það kemur í veg fyrir end-

urmatshækkum á eigin gjaldmiðli og viðheldur stöðnun í atvinnulífi hjá öðrum ríkjum. Í slíku kerfi teljast jöfn tækifæri einungis orðin tóm.

Þessi skortur gerir það að verkum að Evrópusambandið er sérstaklega viðkvæmt fyrir árekstrum við hina rússnesku heimsvaldastefnu. Rússland vill breyta Evrópu í þá mynd sem það hefur þekkt vel undanfarnar aldir, þ.e.a.s. í samstillt stórveldi með sameiginlega skilgreint áhrifasvið. Óþarft er að taka fram hvað þess háttar „alþjóðleg regla“ þýðir fyrir evrópskan frið.

Það verður æ torveldara að verja réttindi, hagsmuni og þarfir meðalstórra og smárra ríkja í árekstri við stór ríki. Um er að ræða brot gegn frelsi og þvingun sem á sér stað í nafni meintra hagsmuna heildarinnar.

Það gildi, sem var kjarninn í stofnun Evrópusambandsins, var almannaheill. Það var drifkraftur í samþættingu Evrópu frá upphafi. Í dag er það gildi í hættu vegna sérstakra hagsmuna sem þjóna aðallega þjóðernisjálhferfu. Kerfið býður okkur upp á ójafnan leik milli þeirra veikari og sterkari. Í þeim leik er pláss fyrir stærstu ríkin sem eru efnahagsveldi og meðalstór og lítil ríki með minna efnahagskerfi. Þeir sterkustu sækjast eftir pólitískum og efnahagslegum yfirráðum en hinir eftir pólitískri og efnahagslegri fyringreiðslu. Fyrir þeim öllum verður hugtakið almannaheill meira og meira abstrakt. Samstaða Evrópu er að verða að merkingarlausu hugtaki sem jafngildir því að þvinga fram samþykki fyrir einræðisvaldi þess sterkari.

Segjum það bara beint út: skipan Evrópusambandsins ver okkur ekki nægilega vel að svo stöddu gegn heimsvaldastefnu annarra ríkja. Þvert á móti eru stofnanir og stjórnarvenjur ESB opnar fyrir því að hin rússneska heimsvaldastefna finni sér leið inn enda eru þær sjálfar ekki lausar við freistingu til að ráða yfir þeim veikari.

Því skora ég á alla leiðtoga Evrópu að hafa hugrekki til að hugsa á þann hátt sem samtími okkar krefst. Við erum vitni að sögulegri stund. Hið rússneska heimsveldi getur beðið ósigur, þökk sé Úkraínu og stuðningi okkar við hana. Hvort við sigrum í því stríði ræðst einungis af samkvæmni og einbeitingu af okkar hálfu.

Úkraína fór að snúa framgangi stríðsins sér í hag vegna vopnaflutnings sem þó er enn í litlum mæli miðað við tækifæri vestrænna landa. Rússland heldur áfram áráss sinni, veldur

dauðsföllum, fremur grimmilega glæpi en nánast í hálfri ári hefur baráttuvilji Úkraínnumanna ekki breyst. Baráttuvilji rússneska hersins hefur hins vegar minnkað samkvæmt því sem nýjósagögnin sýna. Rússneski herinn verður fyrir alvarlegu tjóni. Birgðir af vopnum og herbúnaði duga ekki endalaust og endurnýjun á þeim í iðnframleiðslu sem hefur sætt viðskiptabanni verður sífellt erfiðari.

Nú þarf að sýna Úkraínu stuðning til að hún geti endurheimt þau landsvæði sem hún hefur tapað og til að hún geti þvingað rússneska herinn til að hörfa. Aðeins þá verður unnt að taka þátt í viðræðum af einhverri ávör og fá fram raunveruleg stríðslok en ekki einvörðungu skammvinnnt vopnahlé. Aðeins slíkt stríðslok munu þýða að við höfum sigrað.

Við verðum einnig að sigrast á ógnun við heimsvaldastefnu innan ESB. Við þurfum á umfangsmiklum endurbótum að halda þar sem meginreglur ESB endurspegla það að almannaheill og jafnræði séu sett á oddinn á ný. Það verður ekki að veruleika að hugsýn ESB óbreyttri, þ.e. ef ákvarðanir um stefnumál og forgang í hlutverki ESB verða ekki teknar af öllum aðildarríkjum frekar en stofnunum ESB. Stofnanir eiga að þjóna hagsmunum ríkja en ekki ríki hagsmunum stofnana. Grundvallaratriði í samstarfi verður hverju sinni að vera samkomulag fremur en yfirráð þeirra stærstu yfir hinum minni.

Núverandi staða fær okkur til að hugsa á glænýjan hátt. Við verðum að hafa dug til að viðurkenna að ESB hafi ekki staðist þá prófan sem Covid-kreppan og yfirstandandi stríð hafa lagt fyrir sambandið. Vandinn felst þó ekki í því að við snúum af leið samþættingar og þar af leiðandi að við þyrftum að flýta því ferli. Vandinn er sá að sú leið er í sjálfu sér röng. Stundum er betra að taka eitt skref til baka í staðinn fyrir tvö áfram og líta á málið frá nýjum sjónarhóli. Það sem virðist vera öruggasti sjónarhóllinn er það að snúid verði aftur til meginreglna um skipan Evrópusambandsins frá grunni. Það snýst ekki um að grafa undan undirstöðum ESB heldur um að styrkja þær og ekki að byggja þvert á þær. Evrópa þarf á von að halda sem aldrei fyrr. Hún getur fundið þá von. Það gerist þó einungis ef við komum aftur að meginreglunum fremur en að halda áfram að styrkja yfirbyggingu stofnana.

Höfundur er forsætisráðherra Póllands.